

383. fundur velferðarráðs 16. september 2020

15. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Það liggur í augum uppi ef horft er til markmiða Aðgengisstefnunnar (drög) frá 22.9. 2017 að það vantar mikið upp á að tekið sé með markvissum hætti á ákveðnum þáttum sem snúa að aðgengismálum. Samkvæmt erindisbréfi stýrihóps um heildstæða stefnu í aðgengismálum skal aðgengisstefnan snúa að eftirfarandi þáttum: Aðgengi að húsnæði í eigu borgarinnar og aðgengi að því húsnæði sem borgin leigir fyrir starfsemi sína. Hvar er að finna heildstæða áætlun varðandi húsnæði? Hvernig er farið með byggingarleyfisskyldar breytingar á þegar byggðu húsnæði? (Ef breyta á eldra húsnæði á, skv. byggingarreglugerð, að leggja fram greinargerð um aðgengi og eftir atvikum rökstuðningi á af hverju ekki sé hægt að uppfylla aðgengi fyrir alla, þ.e. undanþágur frá kröfum reglugerðar. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur sagt að það "yrði mjög tímafrek vinna að fara í gegnum öll skjöl og finna út úr því sérstaklega hvar gefin hefur verið undanþága, en erindi og samþykktir þar sem þannig er háttáð, eru ekki skráð sérstaklega í gagnagrunn embættis byggingarfulltrúa." Þetta hlýtur að teljast gagnrýnisvert. Þetta á að vera gegnsætt ferli og því verður að halda utan um og gera þessi gögn aðgengileg). Í drögum að Aðgengisstefnu frá 2017 voru sett fram markmið og aðgerðir í 19 liðum sem ekki hefur verið framfylgt. Hvernig á að taka á aðgengismálum þegar ákvæði byggingarreglugerðar geta ekki verið uppfyllt og hvernig er þá hægt að leita skapandi lausna? (Ekki liggur fyrir neinn farvegur fyrir skapandi lausnir eftir því sem best er séð og eru því þessi mál óljós). Varðandi markmið og aðgerðir hefur ýmislegt verið gert. Það er t.d. vísir að því að skipta út gönguljósabúnaði og bæta biðsvæði strætó. Á ekki að fara markvisst í að afmarka og merkja rétt bílastæði hreyfihamlaðra og veita upplýsingar um þau á korti? Þarf ekki að fjölga og upplýsa um salerni hreyfihamlaðra? Hvernig er unnið að því að losa snjó af göngustígum, yfir götur og á biðstöðvum strætó? Hvernig gekk það síðasta vetur og hvernig mun því verki verða háttáð næsta vetur í ljósi fyrri reynslu? Hvernig gengur að gera útisvæði aðgengileg? Hvernig miðar að gera áætlun um aðgengi að félags-, íþrótt- og menningarstarfsemi? (Aðgengi að íþróttamannvirkjum er t.d. oft mjög lélegt) Hvernig miðar að koma upp skiltum og fjarlægja hindranir á götum og gangstéttum? Spurt er í ljósi þess að í vaxandi mæli hafa skipulagsyfirköld verið að stilla upp húsgögnum, borðum og stólum á gangstéttir ef sést sem dæmi til sólar. Með þessu er stundum verið að teppa gönguleiðir.